

Sp.

45. Beiðni um skýrslu

heilbrigðisráðherra um framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Magnúsi Kjartanssyni, Lúðvík Jósepssyni, Ragnari Arnalds, Jónasi Árnasyni, Geir Gunnarssyni, Stefáni Jónssyni, Gíls Guðmundssyni, Eðvarð Sigurðssyni, Svövu Jakobsdóttur og Helga F. Seljan.

Óskað er skýrslu heilbrigðisráðherra um framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu frá 27. apríl 1973, sbr. 31. gr. þingskapa. Þegar skýrslan hefur verið prentuð og henni útbýtt meðal þingmanna á fundi er óskað umræðu um hana.

Greinargerð.

Lög um heilbrigðisþjónustu frá 27. apríl 1973 voru mjög merk heildarlöggjöf um skipulag þeirra mála um land allt. Til þess að framkvæma löggjöfina þarf markviss vinnubrögð sem taki mið af margra ára framtíðarþróun. Því segir svo í 35. gr. laganna:

„Ráðherra lætur gera áætlun um heilbrigðisstofnanir samkvæmt 16. og 26. gr. Gera skal áætlun til 10 ára í senn og endurskoða hana á tveggja ára fresti. Leita skal umsagnar landlæknis um áætlunina. Þau umdæmi, þar sem erfitt er að halda uppi heilsugæslu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæslustöðva.

Framkvæmdaáætlun byggð á heildaráætlun skal árlega lögð fyrir Alþingi við gerð fjárlaga.“

Flutningsmönnum þessarar beiðni er ekki kunnugt um að núverandi heilbrigðisráðherra hafi látið vinna neitt að áætlun þeirri sem þarna er mælt fyrir um, og framkvæmdaáætlun hefur ekki verið lögð fyrir Alþingi. Háskalegar tafir hafa orðið á byggingu geðdeilda við Landsspítalann í Reykjavík og fleiri brýnum verkefnum og stjórn ráðherra fremur virst mótast af geðþótta en heildaryfirliti. Því er óskað skýrslu ráðherra um þennan málaflokk, sem ævinlega þarf að vera eitt helsta verkefni stjórnarvalda.

Til forseta sameinaðs Alþingis.